

Þelamerkurskóli

Áherslur vetrarins 2015-2016

Útikennsla – kennarafundatími, hluti af starfsdögum og endurmenntunardögum í okt.

- Skrá markmið útskólans
- Skrá verkefni útiskólans
- Útbúa verkefna- og gagnabanka útiskólans

Námsmatið – tveggja manna stýrihópur

- Fylgja eftir framkvæmd á nýju námsmati
- Fylgjast með og þróa nýja námsmatið

Jákvæður agi – fyrsti þriðjudagur í hverjum mánuði

- Allir starfsmenn funda einu sinni í mánuði um málefni Jákvæðs aga.
 - Fylgjum bekkjarfundafyrirkomulagi Jákvæðs aga. Á fundunum verður farið yfir síðustu skref og þau næstu ákveðin
- Fyrirlestur og vinnudagur með viðurkenndum kennara í innleiðingu Jákvæðs aga

Olweus gegn einelti - kennarafundatími og hluti af starfsdögum

- Fundirnir fimm:
 1. Ferillinn – skráningar
 2. Birtingarmyndir eineltis
 3. Eftirlitskerfið
 4. Niðurstöður könnunar og viðbrögð við þeim
 5. Hvernig er staðan?

Upplýsingatækni og spjaldtölvur – stýrihópur, kennarafundatími, endurmenntunartími og verkefni hvers og eins

- Umsjónarmaður sér um að spjaldtölvur séu aðgengilegar og í lagi.
- Í samstarfi við Brekkuskóla, Hrafnagilsskóla og Dalvíkurskóla stendur skólinn fyrir menntabúðum um upplýsingatækni í skólastarfi. Menntabúðirnar eru einu sinni í mánuði.
- Hver kennari setur sér markmið á hvorri önn um að prófa eitthvað nýtt í notkun upplýsingatækni í kennslustofunni.
- *Sýnt og sagt frá* (Örnólfur) í upplýsingatækni verður tvisvar sinnum liður á kennarfundum þá segja kennarar frá því hvernig þeim gekk að ná markmiðum sínum í notkun upplýsingatækni í skólastofunni.
- Skráning á framtíðarsýn skólans í notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Læsi – yngri hópur – stýrihópur og leiðtogi Byrjendalæsis

- Fylgja eftir kennsluaðferðum Byrjendalæsis
- Skrá og fylgja eftir áætlun samkvæmt Þjóðarsáttmála um læsi

Læsi – eldri hópur – stýrihópur

- Fylgja eftir vinnu með MSHA frá sl. vori
- Skrá og fylgja eftir áætlun samkvæmt Þjóðarsáttmála um læsi

Græn heilsa verkefni skólaársins 2015-2016

Í nefndinni eru: Unnar Eiríksson ritari, Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Sesselja Ingólfssdóttir fulltrúi starfsfólks, Sigríður Hrefna Józefsdóttir fulltrúi foreldra, Inga Sigrún Matthíasdóttir kennari, Hulda Arnsteinsdóttir kennari og fulltrúar nemenda sem eru Juliane, Linda, Heiðdís, Jónsteinn, Bjarni, Lára, Óli, Ester, Helgi Pétur og Kristín Ellý.

Verkefni nefndarinnar er tvíþætt. Annarsvegar verkefnið heilsueflandi skóli og hitt væri grænfáninn. Ákveðið var að fundað yrði fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði.

Hvað ætlum við að gera í vetur?

- Fyrsta verkefnið sem bíður er myndaveggurinn okkar. Það þarf að yfirfara hann og fylgjast með því að myndir af nemendum séu á réttum stað. Þessi myndaveggur hefur vakið mikla athygli hjá þeim sem hafa heimsótt skólann og því er nauðsynlegt að hann sé í lagi. Ákveðið var á fundinum að Bjarni, Óli og Sigga Hrefna bæru ábyrgð á veggnum.
- Verkefni tvö er afmælistréð okkar. Það þarf að uppfæra það og laga. Í þessum hóp eru Hulda kennari, Ester og Heiðdís.
- Verkefni þrjú er sáttmálatréð. Það þarf að setja það upp á nýtt og laga. Á sáttmálatréð eru reglur um heilsu og umhverfið sem allir eru sammála um. Í þessum hóp eru Sigga G., Linda og Óli.
- Verkefni fjögur er umhverfistaflan okkar. Í þeim hóp eru Jónsteinn, Bjarni, og Heiðdís.
- Verkefni fimm er upplýsingaskjáriinn. Unnar verður með tilkynningar um græna heilsu á honum.
- Verkefni fimm er moltutunnan. Umsjónarmenn eru Unnar og Jónsteinn.
- Verkefni sex verður með hæsnaæktina. Umsjónarmenn eru Juliane, Linda, Sigga.
- Verkefni sjö er að búa til kynningarmyndband um flokkun og græna heilsu.
- Í verkefninu Heilsa og mataræði eru eftirtaldir: Lára, Juliane, Kristín Ellý, Helgi Pétur, Inga Matt og Silla.
- Einnig ætlum við að taka þátt í verkefninu "Baráttan gegn matarsóun" Verkefnið stendur frá 11. nóvember til 23. mars 2016. Verkefnið felst í því að bekkurinn sem vildi taka þátt í þessu verkefni myndi vigta það sem þau henda af mat í einni viku. Síðan er skráð inn ákveðja vefsíðu matarsóun bekkjarins.
- Verkefnið Spurning vikunnar. Það eru Jónsteinn, Unnar og Heiðdís sem sjá um það verkefni.